



Alþingi  
Erindi nr. P 138/730  
komudagur 10.12.2009

Reykjavík 10. desember 2009


Utanríkismálanefnd  
Hr. Árni Þór Sigurðsson formaður  
Alþingi  
150 Reykjavík

Í samræmi við yfirlýsingu og samkomulag forseta Alþingis og formanna stjórnarandstöðuflokkanna hefur fjárlaganefnd Alþingis samið um tiltekin 16 atriði sem skoða á við meðferð Icesave-málsins milli 2. og 3. umræðu um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 96/2009. Á grundvelli samkomulagsins óskar fjárlaganefnd Alþingis eftir eftirfarandi:

- Upplýst verði nánar um hvaða forsendur bjuggu að baki Brussel-viðmiðunum. Í því sambandi er óskað eftir minnisblaði frá utanríkisráðuneytinu og fjármálaráðuneytinu. Jafnframt að aflað verði upplýsinga frá þáverandi forsætisráðherra og utanríkisráðherra um forsendur Brussel-viðmiða.
- Farið verði yfir misræmi í túlkun forsætisráðherra Íslands og forsætisráðherra Bretlands á samningunum. Í því sambandi er óskað eftir minnisblaði frá forsætisráðherra um málið.

Óskað er eftir að nefndin skili niðurstöðu sinni í síðasta lagi 16. desember nk.

Virðingarfyllst,

  
Guðbjartur Hannesson  
formaður fjárlaganefndar Alþingis